



## 272. fundur

**Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund mánudaginn 29. ágúst 2011 kl. 19:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.**

**Mætt voru:** Lárus Á. Hannesson, LÁH  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Davíð Sveinsson, DS  
Egill Egilsson, EE  
Gretar D. Pálsson, GDP  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS  
Guðlaug J. Ágúsdóttir, GJÁ  
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

**Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.**

### Dagskrá:

#### 1. Fjármál

##### 1.1. Sala Aðalgötu 2

Tilboð barst í Aðalgötu 2 frá Gistiveri ehf. kt. 670409-0660 að upphæð 33 milljónir kr. Gagntilboð Stykkishólmsbæjar hljóðaði uppá 38 milljónir kr. 30 milljónir verði greiddar við afhendingu/undirskrift og 8 milljónir ári síðar. Gistiver ehf gekk að gagntilboðinu.

Tillaga:

Undirrituð leggja til að selja Gistiveri ehf. kt. 670409-0660 Aðalgötu 2 á 38 milljónir kr., 30 milljónir verði greiddar við afhendingu/undirskrift og 8 milljónir ári síðar. Lögbundinn leigusamningur er í gildi í hluta hússins og verður nýr eigandi að taka hann yfir.

Lárus Á. Hannesson,  
Berglind Axelsdóttir,  
Davíð Sveinsson,  
Egill Egilsson.

**Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.**

Undirrituð ítreka gagnrýni sína á málsmeðferð vegna fyrirhugaðrar sölu á Aðalgötu 2 (Egilshúss).



Vert er að rekja feril málsins.

Í fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2011 var gert ráð fyrir sölu fasteigna á árinu, m.a. möguleg sala á Aðalgötu 2 og Ásklifi 4a.

Á fundi bæjarstjórnar 21.10.2010 var lögð fram tillaga um sölu á Aðalgötu 2 að uppfylltum skilyrðum. Sú tillaga var ekki samþykkt, en einungis samþykkt að auglýsa Aðalgötu 2 til sölu. Því lá samþykki bæjarstjórnar fyrir fyrrnefndum skilyrðum og skilgreiningum ekki fyrir, þó að svo megi skilja á bókun L-lista á fundi bæjarstjórnar 25. ágúst sl.

Fimmtudaginn 4. ágúst barst tilboð í eignina og var það tilboð tekið fyrir samdægurs á fundi bæjarráðs nr. 476. Samþykkt var að hafna tilboðinu enda bæjarfulltrúar samþykkir því að ekki væri hægt að ganga að skilyrðum tilboðsins né upphæð þess.

Föstudaginn 19. ágúst barst nýtt tilboð í eignina, frá sama aðila, með gildistíma til miðnættis 23. ágúst 2011. Tilboðið var áframsent í tölvupósti til bæjarfulltrúa mánudaginn 22. ágúst og kom samdægurs fram beiðni fulltrúa D-lista um að taka málið fyrir á fundi bæjarstjórnar 25. ágúst til að skilgreina lágmarksverð, meta hugsanlegar lausnir fyrir starfsemi Stykkishólmsbæjar sem er í húsinu auk þess sem verðið þótti of lágt. Sú beiðni bæjarfulltrúa D-lista var hunsuð.

Að kvöldi sama dags, 22. ágúst leggur oddviti L-lista til að sent verði inn gagntilboð að upphæð 38m.kr. Í kjölfarið komu fram ítrekaðar beiðnir frá D-lista um að taka málið fyrir á fundi bæjarstjórnar áður en nefnt gagntilboð yrði sent inn. Þær beiðnir voru einnig hunsaðar. Bæjarfulltrúum L-lista leist skv. tölvupósti vel á að gera gagntilboð en þó lá hvergi fyrir formleg samþykkt meirihluta bæjarstjórnar um að gera gagntilboð upp á þá upphæð sem oddviti listans lagði til í tölvupósti sama dag.

Að kvöldi þriðjudags, 23. ágúst felur oddviti L-lista bæjarstjóra að senda inn gagntilboð upp á 38m.kr. með gildistíma til miðnættis 25. ágúst sem bæjarstjóri og gerði. Bæjarfulltrúar fengu fyrrnefnt gagntilboð áframsent í tölvupósti föstudaginn 26. ágúst þar sem bæjarstjóri greindi frá því að gagntilboðið hefði verið samþykkt. Ljóst er af gagntilboðinu að ekki er gerður fyrirvari í tilboðinu um samþykki bæjarstjórnar. Bendir því allt til að munnlegur fyrirvari hafi verið gerður eftir bæjarstjórnarfund þann 25.ágúst.

Í upphafi fundar bæjarstjórnar 25. ágúst lagði bæjarfulltrúi D-lista fram bókun vegna dagskrár fundarins þar sem beiðni um að setja sölu Aðalgötu 2 inn á dagskrá fundarins hafði verið hunsuð þrátt fyrir að skilyrðum 3. liðar 11. greinar samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar hefði verið fullnægt. Í kjölfarið fóru bæjarfulltrúar D-lista fram á afbrigði vegna auglýstrar dagskrár og í framhaldinu var samþykkt að taka inn sem sér dagskrárlið sölu á Aðalgötu 2.

Við teljum að öll málsmeðferð hafi átt að vera á annan veg svo allir bæjarfulltrúar hefðu í kjölfarið getað tekið upplýsta og ábyrga afstöðu til málsins. Mánudaginn 22. ágúst hefði verið unnt að boða til aukafundar hjá bæjarstjórn með sólarhrings fyrirvara skv. bæjarmálasamþykkt. Bæjarstjórn hefði því getað fundað um málið þriðjudaginn 23. ágúst áður en nefnt tilboð nr. 2 rynni út. Engin þörf var á því að senda inn gagntilboð Stykkishólmsbæjar fyrir miðnætti 23. ágúst þar sem sýnt þótti



Í tölvupóstsamskiptum bæjarfulltrúa að nefnt tilboð nr. 2 frá tilboðsgjafa væri of lágt og því ekki vilji til að taka því tilboði. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar gat því vel tekið sér umþóttunartíma fram yfir fyrirhugaðan bæjarstjórnarfund til að komast að niðurstöðu um ásættanlega upphæð og gert gagntilboð í framhaldi af því.

Bæjarfulltrúar D-lista áréttu að ranglega hafi verið staðið að sölufurli Aðalgötu 2, sem m.a. hafi leitt til að söluverð hafi orðið lægra en ella.

Stykkishólmi 29. ágúst 2011

Gretar D. Pálsson

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Guðlaug J. Ágústsdóttir

Sala á Aðalgötu 2 hefur jákvæð áhrif á lausafjárstöðu Stykkishólmsbæjar. Viðhaldskostnaður vegna hússins leggst af auk þess sem fasteignagjöld af eigninni renna í bæjarsjóð. Áætluð starfsemi í húsinu fellur vel að ímynd bæjarins í tengslum við sjálfbærni og heilsutengda ferðaþjónustu auk þess sem hún styður við annan rekstur í Stykkishólmi og eykur atvinnu.

Fasteignin var keypt á árinu 2002. Kaupverð var kr. 15.000.000,-. Eignfærðar endurbætur á húsinu hækkuðu bókfært verð hússins. Afskriftir árána 2002-2010 voru 2,25% af bókfærðu verði eignarinnar. Í árslok 2010 var bókfært verð eignarinnar kr. 15.677.100,-. Endurmetið bókfært verð m.v. byggingarvísitölu í árslok 2010 er kr. 26.660.530,-. Fasteignamat eignarinnar er kr. 13.755.000,- brunabótamat kr. 45.550.000

Lárus Á. Hannesson  
Berglind Axelsdóttir  
Davíð Sveinsson  
Egill Egilsson

## Til máls tóku: LÁH,ÍHS,GDP og GS

### 1.2. Starfsemi á vegum Stykkishólmsbæjar á Aðalgötu 2

Forseti bæjarstjórnar reifaði hugmyndir að færslu starfseminnar, sem hýst er í Aðalgötu 2 á ábirgð Stykkishólmsbæjar.

Tillaga:

Bæjarstjóra falið í samvinnu við bæjarráð að vinna málið áfram. Tillaga samþykkt samhljóða.

### Starfsemi á vegum Stykkishólmsbæjar að Aðalgötu 2

Bæjarfulltrúar D-lista leggja áherslu á að starfsemi á vegum Stykkishólmsbæjar og samstarfsaðila í Egilshúsi verði fundin viðeigandi og sómasamleg aðstaða í fullu samráði og sátt við viðkomandi aðila. Tryggja þarf að viðkomandi starfsemi lendi

272. fundur  
29. ágúst 2011



ekki á hrakhólum með alvarlegum afleiðingum, enda á ferðinni mikilvægar stoðir í fjölbreyttri atvinnuflóru í Stykkishólmi.

Gretar D. Pálsson  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir  
Guðlaug J. Ágústsdóttir

**Fundargerðin upplestin og samþykkt.**  
**Fundi slitið kl. 19:24**  
**Þór Örn Jónsson**